



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

Skólaráðsfundur SÍJ miðvikudaginn 25. janúar 2023 kl. 10:00 á skrifstofu skólastjóra

Dagskrá:

Mætt eru: Harpa Helgadóttir grenndarfulltrúi, Haukur Gunnarsson fulltrúi foreldra, Þóra Elísabet Kjeld fulltrúi kennara og Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastýra.

1. Vinnuáætlun og verkefnaskrá skólaráðsins
2. Framkvæmdir
3. Önnur mál

1. Vinnuáætlun og verkefnaskrá skólaráðs

Farið yfir helstu verkefni skólaráðs Ísaksskóla.

Helstu verkefni ráðsins í vetur verða:

- Að kynna sér ýmsar áætlanir um skólastarfið svo sem starfsáætlun, rekstraráætlun, skólaþróunaráætlanir o.fl.
- Skoða gögn sem lúta að mati á skólastarfinu og taka þátt í mati á skólanum.
- Að fara yfir erindi sem berast ráðinu ef einhver eru.
- Að fara yfir heimasíðu skólans.
- Annað sem ráðinu finnst mikilvægt að skoða og upp kann að koma á skólaárinu.

[Umbótaáætlun skólans](#) skoðuð, hún er aðgengileg á heimasíðu skólans. Umræða um skólalóðina og úrbætur þar sem undirlag lóðar hentar ekki yngsta stigi (malbikað undirlag). Skólinn er að skoða að fá fjölþrautataeki/kastala og það bætir það svæði sem er/verður með mjúkt undirlag.

Nýjar [skólasóknarreglur](#) kynntar fyrir ráðinu, þær eru líka aðgengilegar á vef skólans.

2. Framkvæmdir

Sigríður Anna fór yfir niðurstöður á úttekt á skólahúsnæðinu sem Mannvit framkvæmdi. Við sýnatöku kom í ljós að húsnæðið er almennt í góðu ástandi en hins vegar eru vísbendingar um rakaskemmdir á fjórum afmörkuðum stöðum í húsinu sem þarf að fjarlægja og fyrirbyggja frekari skemmdir; gólfdukur við útvegg í salnum að hluta, gólfdukur við útskot á skrifstofu skólastjóra, hluti útveggjar við salernin og dúkur og hluti veggja við útidyr á 5 ára gangi. Engin ummerki um gró reyndist í þeim ryksýnum sem tekin voru sem gefur til kynna að



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

dreifing í lofti sé engin eða lítil. Framkvæmdir eru hafnar við útidyrnar á 5 ára gangi og við útidyrnar innan stofu 13. Hin svæðin verða lagfærð á skipulagsdögum í lok mars og í dymbilviku tengt páskafríinu. Viðgerðir utandyra eru síðan á dagskrá sumarsins (endurnýjun á gluggum, sprungu- og múrviðgerðir o.fl.) ásamt ýmsum framkvæmdum innandyra eins og alltaf. Nýtt þak var sett á gömlu bygginguna í nóvember.

3. Önnur mál

Harpa ræddi umferðaröryggi. Það er mikilvægt að huga vel að því. Það er ekki hættulaust fyrir börn í hverfinu að komast t.d. í Val. Það þarf að bæta eftirlit í hverfinu, þrengja götur enda stórir vinnustaðir á svæðinu t.d. Landspítalinn og Menntavísindasvið og bæta þarf lýsingu í hverfinu. Skólar þurfa að setja þetta í forgang. Miklabrautin er börnunum okkar mjög hættuleg. Hvatt til þess að skólinn sendi borginni erindi til að tryggja umferðaröryggi og velferð barna.

Sigríður Anna minntist á að skólinn er byrjaður á að gera samgöngusamning við starfsfólk skólans og 10 starfsmenn sem geta og hafa nýtt sér það.

Fundi slitið 11:00